

Borgarráð

Ylströnd í Laugarnesi

Lagt er til að borgarráð samþykki að stefna að gerð ylstrandar í Laugarnesi, við Skarfaklett. Gert verði ráð fyrir henni í nýju deiliskipulagi af svæðinu en starfshópur ÍTR, umhverfis- og skipulagssviðs og Veitna vinni áfram að þróun verkefnisins á grundvelli frumathugunar sömu aðila sem liggur fyrir. Fulltrúi Faxaflóahafna skal taka sæti í starfshópnum enda svæðið á hafnarsvæði. Unnin verði fjárfestingar- og rekstraráætlun, ásamt tímaáætlun framkvæmda sem lagðar verði fyrir borgarráð til samþykktar fyrir 1. október nk. Gerðar verði nauðsynlegar kannanir og rannsóknir á jarðvegi og umhverfi, ásamt því að leggja mat á mögulega landsfyllingu og landmótun á svæðinu. Landfyllingin yrði gerð með uppgreftri frá nálægum framkvæmdasvæðum, í því skyni að minnka akstursvegalengdir efnisflutninga. Miðað verði við að Orkuveita Reykjavíkur standi undir kostnaði við að leiða heitt umframvatn á ylströndina, ásamt nauðsynlegri uppfærslu á fráveitukerfum en Reykjavíkurborg og eftir atvikum Faxaflóahafnir, annan framkvæmdakostnað og framtíðar rekstur, skv. sérstöku samkomulagi.

Dagur B. Eggertsson